

Viðskiptaskilmálar American Express.

1. SKILGREININGAR, UMSÓKN, KORTAÚTGÁFA, GILDISTÍMI

1.1 Eftirfarandi hugtök í skilmálum þessum eru skilgreind á þennan hátt:

Reikningshafi/aðalkorthafi er sá sem gert hefur samning um stofnun kortareiknings.

Korthafi er reikningshafi eða annar sá sem reikningshafi heimilar að hafi kort, aukakorthafi, sem gefið er út á kortareikning hans.

Útgefandi er Kreditkort hf.

1.2. Útgefandi áskilur sér allan rétt til að leita allra upplýsinga um getu umsækjanda og fjárhag, sem nauðsynlegar eru að mati útgefanda til að afgreiða umsókn, þar á meðal lánaþrá (FE-skrá) um fjárhagsstöðu korthafa í bönkum og upplýsingar frá Creditinfo Lánstrausti hf. s.s. áhættumat, upplýsingar úr vanskilaskrá og öðrum gagnagrunnum sem félagið rekur. Útgefandi er heimilt að fela fjármálafyrirtæki sem hann velur, að yfirfara umsókn og leita áðurumfndra upplýsinga. Áskilinn er réttur til að sýnja umsóknum áan skýringa.

1.3. Kreditkort áskilur sér ennfremur rétt til þess að afla þeirra upplýsinga er greinir í lið 1.2. meðan að reikningshafi er í viðskiptum hjá félaginu ef nauðsyn krefur, t.d. þegar greiðslufall verður af hálfu reikningshafa eða þegar reikningshafi hefur sótt um hækkun heimildar eða önnur þau atvik eru fyrir hendi sem gefa tilefni til að kanna fjárhagsstöðu hans.

1.4. Kreditkort er gefið út til ákveðins tíma í senn og stofnast þá kortareikningur. Standi korthafi við skuldbindingar sínar er kort hans endurnýjað, án umsóknar, en gegn árgjaldi. Árgjald er fært fyrirfram á kortareikning skv. gjaldskrá fyrir 12 mánuði í senn. Hægt er að semja um útgáfu fleiri en eins korts á kortareikning reikningshafa, enda liggja fyrir samþykki reikningshafa. Korthafi þarf að leggja fram mynd sem varðveitt er í gagnagrunni Reiknistofu bankanna (RB) sé mynd ekki þar til staðar.

1.5. Kreditkort sendir korthafa útgefið kort í pósti, nema korthafi sækji það sjálfur í afgreiðslu Kreditkorts hf.

1.6. Kort er eign útgefanda og má hann innkalla það án fyrirvara, komi til misnotkunar eða vanskila hjá reikningshafa eða korthafa.

Korthafa ber að afhenda innkallað kort í afgreiðslu Kreditkorts hf. Afhendi korthafi ekki innkallað kort með áðurgreindum hætti getur útgefandi sent sértakan vörsluvptingarmann til að sækja kortið.

2. ÚTTEKTARTÍMABIL

2.1. Úttektartímabil er þrjú. Fyrir einstaklingskort er eitt úttektartímabil sem hefst 27. dag hvers mánaðar og lýkur 26. dag næsta mánaðar. Fyrir fyrirtækjakort eru tvö tímabil og velur korthafi í upphafi hvort þeirra hann notar. Annars vegar úttektartímabil sem byrjar 18. dag hvers mánaðar og lýkur 17. dag næsta mánaðar. Hins vegar úttektartímabil sem hefst 1. dag hvers mánaðar og lýkur síðasta dag sama mánaðar.

2.2. Færsluhirðar geta með samningum við einstaka seljendur eða samtök seljenda heimilad frávik frá ofangreindum úttektartímabilum, án sérstakra tilkynninga.

3. NOTKUN KORTSINS

3.1. Korthafi skal rita nafn sitt á kortið við móttöku og hefur einn heimild til notkunar þess.

3.2. Með fyrstu notkun kortsins samþykkir reikningshafi og/eða korthafi að hlíta gildandi viðskiptaskilmálum.

3.3. Kort er veitt rétt til úttektar vöru og þjónustu hjá seljendum American Express um allan heim.

Útgefandi ber ekki ábyrgð á því ef móttöku korts er sýnað sem greiðslu hjá seljanda, né því tjóni sem leitt getur af því. Með sama hætti ber útgefandi ekki ábyrgð á því ef reiðufé fæst ekki tekið út á kortið hvort sem er í hraðbönkum eða annars staðar.

3.4. Reikningshafi skuldbindur sig til að greiða að fullu allar úttektir af kortareikningi sínum með kortum sem löglega hafa verið gefin út á reikninginn. Skuldbindingin tekur til allra úttekta samkvæmt úttektarskilyrðum sem korthafi hefur undirritað, sem og úttekta sem hann hefur heimilað við símapöntun, með rafrænum samskiptum, þar með talið internetviðskipti, eða á annan hátt samþykkt til færslu á kortareikninginn.

3.5. Aukakorthafi á einstaklingskorti ber ábyrgð á greiðslu úttekta sinna á kortareikningnum óskipti með reikningshafa, aðalkorthafi ber ábyrgð á úttektum á aðal- og aukakortum.

Þegar um er að ræða fyrirtækjakort ber sérhver korthafi persónulega ábyrgð á öllum úttektum á kort, sem gefið er út á hans nafn, óskipti með reikningshafanum í eftirfarandi tilvikum:

a) Geti útgefandi sannað að korthafi hafi á þeim tíma er úttektin var gerð, vitað eða mátt vita að reikningshafi gæti ekki staðið við fjárskuldbindingar sem fólust í úttekt.

b) Þegar korthafi er eigandi, forsvarsaður eða stjórnarmaður fyrirtækisins (reikningshafa).

c) Þegar kort er notað til úttekta á reiðufé eða kaupa á ferðatekkum.

d) Þegar kort er notað í persónulega þágu korthafans, þ.e.a.s. þegar vara, eða þjónusta, sem greitt er fyrir með kortinu er ekki í þágu hagsmuna reikningshafans.

3.6 Úttektir erlendis eru umreiknaðar í íslenskar krónur af American Express International og berast þannig inn í kortakerfi útgefanda.

3.7. Unnt er að taka reiðufé út á kortið, en í takmörkuðu mæli þó. Ofan á slíkar úttektir innanlands og utan leggst við kostnaður og úttektargjald samkvæmt gjaldskrá.

3.8. Þegar reiðufé er tekið út á kortið í hraðbönkum og þegar úttektir eru gerðar með notkun örgjörvaesara á sölustað, skal í stað undirskriftar nota sérstakt einstaklingsbundið auðkennisnúmer, svokallað PIN-númer, sem korthafi fær afhent með korti sínu. Þetta er leyninúmer sem korthafi má ekki láta aðra hafa né heldur geyma með korti sínu. Korthafi er ábyrgur fyrir öllum úttektum sem gerðar eru með PIN-númeri, nema þegar ákvæði 12.6 á við.

3.9. Heimilt er að semja svo um að reglubundin útgjöld reikningshafa og/eða korthafa, hjá innlendum seljendum séu færð á útgefin kort. Beiðnum reikningshafa/korthafa um skuldfærslur skal ýmist beint til útgefanda eða söluaðila og skal beiðni einstakra korthafa vera nægileg. Verði vanskil á kortareikningi reikningshafa er útgefandi heimilt að stöðva allar greiðslur samkvæmt slíkum samningi án fyrirvara.

4. STOFNGJALD / ÁRGJALD

4.1. Við útgáfu kortsins í fyrsta sinn greiðir korthafi stofngjald auk árgjalds. Korthafi heimilar útgefanda að skuldfæra kortareikning sinn fyrir árgjaldi eins og það er ákveðið hverju sinni, árlega eftir að kort er gefið út í fyrsta sinn. Fyrir aðra þjónustu greiðir reikningshafi og/eða korthafi eftir notkun samkvæmt gjaldskrá útgefanda.

4.2. Útskr/úrv.gjald/Skuldfærslugjald er innheimt fyrir hvern útsendan gíróseðil/reikning samkvæmt gjaldskrá.

5. SVEIFLUKORT

5.1 Kort gefin út á kortareikninginn eru Icelandair American Express sveiflukort.

5.2 Sveiflukort gerir korthafa kleift að greiða aðeins umsaminn hluta úttekta sinna hverju sinni, þó þannig að mánaðarlega séu greiddar að lágmarki 5.000 krónur, enda ná skuld á kortareikningi þeirri fjárhæð, þó að því tilskildu að staða kortareiknings sé undir heimildarmörkum eftir greiðslu á eindaga. Vextir af skuld á kortareikningi eru breytilegir og háðir ákvörðun útgefanda. Vextir reiknast ekki af úttektum sem greiddar eru að fullu á næsta eindaga eftir að þær áttu sér stað.

6. GREIÐSLUR

6.1. Eindagi greiðslna vegna einstaklingskorta er annar dagur næsta mánaðar eftir að úttektartímabili lýkur. Eindagi greiðslna vegna fyrirtækjakorta með úttektartímabili sem hefst 18. dag hvers mánaðar og lýkur 17. dag næsta mánaðar er annar dagur næsta mánaðar eftir að úttektartímabili lýkur. Eindagi greiðslna vegna fyrirtækjakorta með úttektartímabili sem hefst 1. dag hvers mánaðar og lýkur síðasta dag sama mánaðar er sautjándi dagur næsta mánaðar á eftir. Sé eindagi á frídegi færast hann til næsta opunnardags banka.

Útgefandi sendir reikningshafa mánaðarlega yfirlit, eða veitir honum rafrænan aðgang að slíku yfirliti, um færslur á kortareikninginn á næstlöggu tímabili og upplýsingar um stöðu reikningsins við lok úttektartímabilsins auk áfallins kostnaðar og áfallinna vaxta á eindaga, auk greiðslutilmæla með greiðsluseðli eða rafrænum hætti.

Á greiðslutilmælunum sem handhöfum sveiflukorta eru send kemur fram hver sé sú lágmarksfjárhæð sem skylt er að inna af hendi á

eindaga. Lágmarksgreiðsla skal vera 5.000 krónur, enda nái heildarskuldin þeirri fjárhæð.

Nýti reikningshafi heimild sína til að greiða aðeins hluta útistandandi skuldar, eða lágmarksfjárhæðina, reiknast vextir á ógreiddar eftirstöðvar frá eindaga og koma til greiðslu á næsta eindaga og síðan áfram milli næstu gjalldaga, svo lengi sem reikningshafi nýir heimild sína til að greiða aðeins hluta skuldar sinnar.

Innborganir á kortareikninginn ráðstafast þannig að fyrst greiðist áfallinn kostnaður, þá áfallnir vextir og síðan skuld vegna úttekta.

6.2. Hafi greiðsla ekki borist á réttum eindaga, leggst vanskilgjald skv. gjaldskrá á skuldina og vanskilavextir, eins og þeir eru auglýstir af Seðlabanka Íslands hverju sinni, frá eindaga til greiðsludags. Áskilinn er réttur til að stöðva allar greiðslur af kortareikningi, hvort heldur sem er vegna nýrra úttekta eða umsaminnna greiðslna, verði greiðslufall á einhverjum hluta gjaldkræfrar skuldar á kortareikningi reikningshafa samkvæmt bókum útgefanda.

6.3. Útgefandi áskilur sér rétt til að fela innheimtufyrirtæki eða lögmanni innheimtu á vanskilum ásamt öllum áföllnum og áfallandi kostnaði, komi til vanskila á kortareikningi reikningshafa.

6.4. Hafi vanskil korthafa varað í a.m.k. 90 daga frá eindaga og vanskilin eru vegna skuldar sem er a.m.k. kr. 40.000,- að frátöldum áföllnum vöxtum og kostnaði, áskilur útgefandi sér rétt til að fela lögmanni í sinni þjónustu að tilkynna nafn reikningshafa á vanskilaskrá Creditinfo Ísland (Lánstrausts).

6.5. Ef korthafi eða reikningshafi hefur athugasemdir við færslu á kortareikning, skal hann tilkynna það útgefanda eigi síðar en 90 dögum eftir skráða dagsetningu færslu á reikningsfyrirlit.

6.6. Í þeim tilvikum er seljandi hefur ekki innt af hendi þá vöru eða þjónustu er korthafi greiddi fyrir með kortinu getur korthafi skilað skriflegri kvörtun til útgefanda allt að 90 dögum eftir að afhending átti að eiga sér stað. Telji útgefandi að afhending hafi sannanlega ekki átt sér stað endurgreiðir útgefandi korthafa andvirði hins selda. Útgefandi endurgreiðir þó aldrei úttektir hafi óviðráðanlegar ytri aðstæður, sem falla undir venjulegar reglur kauparéttar undir *force major*, hamlað afhendingu.

7. ÚTTEKTARHEIMILD

7.1. Reikningshafi ábyrgist að ekki verði tekið út á einstök Icelandair American Express kort umfram útgefna heimildir og að heildarúttektir á kortareikning hans verði ekki umfram það sem samið hefur verið um.

7.2. Korthafi skuldbindur sig til að taka ekki út á Icelandair American Express kortið fyrir hærri fjárhæð en sem nemur úttektarheimild.

8. TRYGGINGAR

8.1. Reikningshafi og/eða korthafi skal leggja fram þær tryggingar fyrir úttektum sem útgefandi metur fullnægjandi.

9. UPPSÖGN / INNKÖLLUN

9.1. Vilji reikningshafi og/eða korthafi segja upp viðskiptum sínum skal það gert skriflega, a.m.k. tveimur mánuðum áður en árgjald kortsins fellur í gjalddaga. Berist uppsögn síðar skal korthafi greiða gjald vegna útgáfu nýs korts. Áfallið árgjald, eða hluti þess, fellur ekki niður þrátt fyrir uppsögn. Stofngjald kortsins er óendurkræft. Reikningshafi getur hvener sem er tilkynnt um lokun útgefna korta og ber ekki ábyrgð á úttektum á lokuð kort frá því að tilkynning og kort berst útgefanda og staðfesting á lokun kortsins hefur borist frá útgefanda til reikningshafa. Korthafi getur með sama hætti bannað frekari úttektir á kort sem gefið hefur verið út á hans nafn.

9.2. Útgefandi getur hvener sem er sagt upp viðskiptum við reikningshafa og/eða einstaka korthafa og innkallað útgefna kort.

9.3. Innkalli útgefandi kortið, skal korthafi tafarlaust klippa kortið og senda til útgefanda. Aldrei má taka út á kort sem innkallað hefur verið af útgefanda. Seljandi hefur fulla heimild til að klippa og/eða taka í sína vörslu innkallað kort.

10. GLATAÐ KORT

10.1. Ef kort glatast skal korthafi tafarlaust tilkynna það útgefanda. Þegar korthafi fær nýtt kort greiðist endurútgáfugjald.

10.2. Korthafi skal, þar til tilkynning hans berst útgefanda, bera það tjón sem hann hefur orðið fyrir, vegna taps, þjófnaðar eða fölsunar á kortinu, en þó ekki meira en sem nemur 150 evrum í hverju tjonstilvik, nema ef um stórfellt gáleysi eða svik korthafans hafi verið að ræða.

10.3. Óheimilt er að nota kort eftir að það hefur verið tilkynnt glatað. Finnist kort skal senda það sundurklippið til útgefanda.

11. PERSÓNUVERND

11.1. Útgefandi skráir í tölvukerfi sín upplýsingar um korthafa, aukakorthafa og ábyrgðarmenn. Upplýsingar sem hér er ræðir eru m.a. kennitala, heimilisfang og aðrar þær upplýsingar sem aðilar hafa veitt útgefanda með útfyllingu eyðublaða og forma útgefanda.

11.2. Allar upplýsingar um kortareikninga og notkun korta eru vistaðar í tölvukerfi útgefanda. Ópersónugreindar upplýsingar um færslur á korti korthafa eru sendar American Express International, þ.e. upplýsingar um kortnúmer, hvener færsla er gerð, fjárhæð færslu og hver er starfsemi seljanda.

11.3. Korthafi veitir Kreditkorti hf. heimild til þess að senda SMS, MMS, tölvupóst eða önnur rafræn skilaboð að hámarki 3 sinnum í mánuði um tilboð, afsletti eða sérkjör frá Kreditkorti hf. eða samstarfsaðilum. Korthafi veitir Kreditkorti hf. heimild til að senda korthafa skilaboð er varðar notkun kortsins eða tilkynningar um breytingar á skilmálum kortsins. Korthafi getur valið um að afskrá sig af póstlista Kreditkorts hf. t.d. skriflega eða símleidis.

11.4. Vinnsla og geymsla upplýsinga skal vera í samræmi við það sem nauðsynlegt er til starfrækslu greiðslumiðlunar. Útgefandi skal gæta þess að vinnsla og vistun persónuupplýsinga sé ætíð í samræmi við gildandi lög og reglur.

12. ÝMSIR SKILMÁLAR

12.1. Reikningshafi og/eða korthafi skulu tafarlaust tilkynna útgefanda verði breyting á heimilisfangi og netfangi hans/þeirra.

12.2. Útgefandi tekur ekki ábyrgð á gallaðri vöru eða þjónustu sem greitt er fyrir með korti, né heldur á nokkrum öðrum vanefndum seljanda vöru eða þjónustu sem greitt er fyrir með korti. Kvörtunum út af slíku skal korthafi beina til viðkomandi seljanda.

12.3. Sé reikningshafi lögðili eða sjálfstætt starfandi rekstraraðili áskilur útgefandi. sér rétt til að kalla eftir ársreikningum hvener sem er á samningstímanum, sem og þegar mat er lagt á umsökn um kort.

12.4. Kortunum fylgja ferðatryggingar. Tryggingaskilmála, eins og þeir eru á hverjum tíma, má nálgast á heimasíðu útgefanda.

12.5. Upplýsingar um þau hlunnindi er tengjast mismunandi tegundum korta má finna á heimasíðu útgefanda korts.

12.6. Telji korthafi og/eða reikningshafi sig hafa orðið fyrir tjóni vegna tæknilegrar bilunar í hraðbanka eða öðru sjálfsafgreiðslutæki, hvílir sönnunarbyrðin á útgefanda að sýna fram á að viðskiptin hafi verið rétt skráð og réttilega færð inn á reikninga og að tæknibilun eða aðrir hnökror hafi ekki valdið rangri skráningu sem leitt hafi til tjóns. Ábyrgð útgefanda tekur ekki til tjóns sem kann að leiða af því að umbeðin fjárhæð, vara eða þjónusta, fæst ekki afhent.

12.7. Útgefandi tryggir korthöfum aðgang að neyðarþjónustu í síma allan sólarhringinn.

12.8. Viðskiptaskilmálar America Express korta, eins og þeir eru á hverjum tíma, eru aðgengilegir á vefslóðinni, www.americanexpress.is.

Útgefandi áskilur sér rétt til breytinga á viðskiptaskilmálunum. Breytingar á skilmálunum skulu kynntar korthöfum eigi síðar en 15 dögum áður en breyttir skilmálar taka gildi. Í tilkynningu um breytta skilmála skal vakinn athygli á því ef efnislegar breytingar verða á réttindum eða skyldum korthafa eða reikningshafa og á rétti þeirra til að hætta viðskiptum. Sé American Express kort notað eftir að breyttir skilmálar hafa tekið gildi, teljast reikningshafi og korthafi samþykki breytingunni. Útsending tilkynningar um breytingu á skilmálunum í almennum pósti eða í tölvupósti telst nægileg tilkynning samkvæmt framsögðu.

12.9. Öll gjöld, kostnaður og vextir sem falla til samkvæmt skilmálum þessum fara eftir gjaldskrá og vaxtatöflu Kreditkorts hf.

13. ÁGREININGUR

13.1. Mál sem rísa út af broti á viðskiptaskilmálum þessum, svo og innheimtumál vegna úttekta með korti er heimilt að reka fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Reykjavík í apríl 2010

Kreditkort hf.